

Læknar gegn umhverfisvá



Félag lækna gegn umhverfisvá

Stjórn Félags lækna gegn umhverfisvá

Hjalte Már Björnsson, formaður
Halldóra Jónsdóttir, ritari
Hafþór Ingi Ragnarsson
Katrín Fjeldsted
Pétur Heimisson
Salóme Ásta Arnardóttir
Una Emilsdóttir

Á Læknadögum í janúar síðastliðnum var stofnað Félag lækna gegn umhverfisvá. Fór stofnfundurinn fram í kjölfar áhugaverðs málþings á Læknadögum um stöðu umhverfismála á Íslandi og tengsl þeirra við lýðheilsu. Markmið félagsins er að standa vörð um heilsu fólks með því að stuðla að aukinni áherslu á verndun umhverfis. Eru slík félög nú starfrækt í mörgum löndum og eiga flest aðild að alþjóðlegu samfélagi lækna gegn umhverfisvá (International Society of Doctors for the Environment).

Hvers vegna er þörf á aðgerðum?

Lýðheilsa er algjörlega háð heilbrigðri náttúru jarðarinnar. Hnignun líf-
fræðilegs fjölbreytileika, mengun og

loftslagsbreytingar eru nú að mati Sam-
einuðu þjóðanna helsta ógnin við heilsu
mankind. Nú þegar eru komnar fram
alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga
sem fara stöðugt versandi. Ófgar í veðr-
áttu og hitastigi jarðarinnar verða meiri
með ári hverju og eru að gera búsvæði
hundruða milljóna manna óbyggileg.
Loftmengun í borgum vegna bruna
jarðefnaeldsneytis og slits á götum, með
tilheyrandi svifryksmengun, orsakar
milljónir ótimabærra dauðsfalla á ári
hverju. Hnignun í líffræðilegum fjöl-
breytileika og heilsu vistkerfa er ógn við
framtíð landbúnaðar og fæðuöryggis í
heiminum.

Þrátt fyrir að allar viðvörunarþjöllur
umhverfisins hringi nú ákaflega, sjást
þess engan veginn merki að á Íslandi
hafi verið gripið til nægilegra aðgerða,
hvorki innanlands né í alþjóðlegu sam-
starfi. Því er mikilvægara en nokkru
sinni fyrir að setja þrýsting á aðgerðir af
hálfu stjórnvalda, fyrirtækja og einstak-
linga til að snúa þróuninni við og leiða
okkur til betri framtíðar með batnandi
heilsu lífríkis jarðarinnar og um leið
íbúa hennar.

Hvers vegna lækna?

Starf lækna er fyrst og fremst að stuðla
að og vernda heilsu skjólstæðinga sinna.
Vitandi um tengslin milli heilsu jarðar-
innar og heilsu mannanna er okkur því
nauðsynlegt að vera einnig málsvári
náttúrunnar. Læknar hafa í árána rás
haft ákveðna rödd í samfélaginu sem
hlustað er á og því teljum við mikilvægt
að nýta okkur þekkingu og reynslu
lækna sem afl í baráttunni fyrir um-
hverfinu.

Hvað ætlar Félag lækna gegn umhverfisvá að gera?

Félagið mun þrýsta á að Íslendingar
leggi stóraukna áherslu á umhverfismál.
Róttækra breytinga er þörf hjá stjórn-
völdum, fyrirtækjum og almenningi
og mun félagið taka þátt í samfélags-
umræðu, sinna greinaskrifum og fjöl-
miðlaviðtölum auk þess að veita um-
sagnir um lagafrumvörp. Unnið verður í
samstarfi við önnur félög og samtök sem
berjast fyrir umhverfisvernd á Íslandi.
Að sjálfsögðu mun félagið einnig leggja
áherslu á umhverfisvitund í heilbrigðis-
kerfinu. Saman erum við með öflugra
umboð til áheyrnar og því er stofnun
þessara samtaka mikið framfaraskref
fyrir lækna sem brenna fyrir umhverfis-
málum.

Félag lækna gegn umhverfisvá leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar tafarlaust á Íslandi til að vernda náttúru lands og sjávar og þar með stuðla að bættri heilsu almennings:

Komum í framkvæmd aðgerðum sem raunverulega draga úr losun gróðurhúsalofttegunda:

- Keyrum minna
- Bönnum komur einkaþotna til landsins
- Fækkum flugferðum
- Komum á lestarsamgöngum milli Keflavíkur og höfuðborgarsvæðisins
- Aukum opinbera niðurgreiðslu til grænmetis- og ávaxtaræktar
- Borðum minna af kjöti
- Mokum ofan í skurðina
- Hættum laxeldi í opnum sjókvíum á Íslandi
- Eflum skimun, fræðslu og forvarnir gegn sýklalyfjaónæmi á Íslandi
- Minnkum notkun á einnota plasti
- 30x30 – Friðum að minnsta kosti 30% af landi og hafsvæði Íslands fyrir árið 2030
- Tryggjum að fráveita í þéttbýli verði öll samkvæmt reglugerð fyrir árið 2030

Eftirfarandi geta skráð sig í
Félag lækna gegn umhverfisvá:

Læknar með lækningaleyfi á Íslandi
Læknanemar á Íslandi
Íslenskir læknanemar erlendis.

Hlekkur til skráningar í félagið er á innri vef
Læknafélags Íslands lis.is